

**Nd.**

**52. Frumvarp**

til laga um mentaskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í mentaskólanum í Reykjavík skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á visindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift milli 6 bekkja og miða við, að því verði lokið á 6 árum.

Skifta skal efstu bekkjum skólans, tveim eða þrem, eftir því sem þurfa

þykir, í tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er nemendur skulu velja milli.

Íslensk tunga skal vera höfuðnámsgrein í skólanum. Latneska tungu skal kenna í öllum neðri bekkjum, og í málfræðideild skal hún vera önnur höfuðnámsgrein, en stærðfræði í stærðfræðideild. Auka skal nám í leikfimi frá því, sem nú er. Gefa skal þeim, er þess æskja, kost á að nema grísku í málfræðideild, enda hafi og stúdentar þeir, sem ekki hafa numið grísku í skólanum, rjett til að taka þátt í þessari kenslu. Ensku skal kenna svo, að stúdentar geti tekið þátt í venjulegum samræðum nokkurnvegin viðstöðulaust á því máli.

### 3. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem yngri eru en 13 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir nema óspilt mannorð hafi og engir nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá inntöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatríðum, í reikningi, munnlega og skriflega, og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku og geti gert ljettan stíl. Skrifa skal hann og læsilega.

Hver sá, er lokið hefir hliðstæðu námi í öðrum skóla eða öðlast sömu þekking undir handleiðslu og tilsögn hæfs manns, má ganga undir inntöku-próf í þann bekk skólans, er samsvarar þekkingu hans og þroska, enda fullnægi hann öðrum settum skilyrðum. Skal hann þá sýna vottorð um nám sitt og ganga undir próf á sama hátt og nemendur skólans.

### 4. gr.

Í hverjum bekk skólans skal hafa vorpróf á hverju ári, en lokapróf efsta bekkjar er stúdentspróf. Hafa má einnig miðsvetrarpróf í hverjum bekk.

Við öll vorpróf skulu vera tveir prófdómarar í hverri grein: kennari í þeirri grein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans eða maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

### 5. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds, með sama hætti sem nú er. Einkunnir skulu vera: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali eins og nú er.

### 6. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögbodin:

Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.

Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.

Óskudagurinn.

Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.  
Sumardagurinn fyrsti.

Afmælisdagur konungs, 17. júní og 1. desember.

Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

7. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að enginn þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 12. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn (sbr. þó 8. gr.). Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

Heimilt er að veita þeim föstum kennurum, sem hafa verulega aukavinnu við leiðrjetting skriflegra úrlausna, 1—3 stunda eftirgjöf á skyldustundum á viku.

8. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu ekki haldnir af næmum sjúkdómum og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá kennarahæfileika og þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

9. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkin sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

10. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samkomulagi.

Hver fastur kennari skólans skal hafa leyfi frá kenslustörfum 10. hvert ár með fullum launum, og ráðstafar skólastjóri kenslu hans á meðan, á ríkisins kostnað.

11. gr.

Heimavistir skulu vera við skólann fyrir ekki færri en 50 nemendur. Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavista hafa þeir nemendur að öðru jöfnu, sem eiga heima utan Reykjavíkur.

Aldrei má taka nokkurt skólagjald af nemendum í skólanum.

12. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar.

Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar, þá honum þurfa þykir.

13. gr.

Ákvæði 11. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1930. Þangað til skal greiða nemendum, er inntöku fá í skólann samkvæmt lögum þessum og njóta ættu heimavistar, húsaleigustyrk svo að skaðlausir sjeu.

14. gr.

Skólastjóri semur reglugerð um skólann með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins.

Í reglugerð eru fyrirmæli um:

Hverjar vera skuli námsgreinir í skólanum og hve miklum tíma skuli verja til hvernar, bæði í neðri bekkjunum og hvorri deild etri bekkjanna (sbr. þó 2. gr.),

kenslu í skólanum,  
próf og flutning milli bekkja,  
inntökupróf,  
kenslutíma,  
framferði og aga,  
skyldur skólastjóra og kennara,  
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nemenda í 1. bekk 1929 og færast með þeim smám saman yfir allan skólann, jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum.

16. gr.

Í gagnfræðaskólanum á Akureyri skal hafa námsskeið, þar sem nemendur skólans fá ókeypis þá aukafræðslu, er geri þeim fært að setjast í bekk mentaskólans í Reykjavík, alt upp í 4. bekk.

Greinargerð.

Árið 1920 fól stjórnin, samkvæmt tilmælum Alþingis, tveim mönnum að athuga skólamál landsins og gera tillögur um þau. Þeir lögðu það svo til, meðal annars, að breyta hinum almenna mentaskóla í Reykjavík í óskiftan 6 ára lærðan skóla í nokkuð líku sniði og lærði skólinn var fram að breytingunni 1904.

Síðan hafa frumvörp um þetta efni verið fyrir öllum þingum, sem haldin hafa verið, nema síðasta þingi, ýmist borin fram af stjórn eða einstökum þingmönnum. Þó að frumvörp þessi hafi ekki náð samþykki þingsins, mest að því er virðist vegna áhrifa þessarar breytingar á samband gagnfræðaskólans á Akureyri við skólann hjer í Reykjavík, hefir málið samt að ýmsu leyti unnið við þessa margítrekuðu meðferð þingsins. Frumvarpið sjálft hefir tekið ýmsum breytingum og viðaukum, sem eru til bóta, og enginn efi er á því, að skoðanir manna hafa

og skýrst og færst meira og meira í það horf, sem farið er fram á með frumvarpinu: Að hentugast sje, að þeir, sem til stúdentsprófs ætla, gangi þegar frá upphafi eindregið þá braut, sem þangað liggur, og miði undirstöðurnar við það hús, sem á þeim á að reisa.

Mál þetta hefir annars verið svo mikið rætt utan þings og innan, að engin ástæða er til þess að fjölyrða mjög um það nú, heldur skal hjer aðeins draga fram nokkur aðalatriði.

1. Í tvískiftum skóla eins og þeim, sem nú er, verða þeir að eiga samleið fyrstu árin, sem stefna að mjög ólíku marki, annarsvegar þeir, sem óska gagnfræðamentunar um fárra ára bil, og hinsvegar þeir, sem eru að byrja langt nám, eru að búa sig undir vísindanám. Þessi samleið er báðum aðiljum til mikils tjóns.

Meira og meira sýnist stefna í þá átt, að leggja í gagnfræðaskólum eða unglingskólum höfuðáhersluna á það, að kenslan og skólalífið verði sem mest vekjandi og örvandi, en hitt látið sitja frekar á hakanum, að knýja sem mest áfram í fróðleikssöfnun.

Aftur á móti verður ekki hjá því komist, að hinir, sem langt nám eiga fyrir höndum og ætla að búa sig undir vísindanám, leggi einmitt áherslu á það þegar í upphafi námsins, að öðlast sem mestan og traustastan fróðleik. Hin mismunandi æfistörf, sem menn ætla sjer, valda miklu í þessu efni. Fyrir mörgum er skólalærdómur út af fyrir sig ekki sjerlega hagnýtur. Fyrir öðrum er það einmitt hann, sem æfistarfíð veltur að mestu á.

Það er augljóst, hve erfitt er að samrýma þarfir þessara tveggja flokka. Val námsgreina á að vera sitt fyrir hvorn flokkinn, val kenslubóka í hverri sameiginlegri námsgrein sömuleiðis. Einnig kensluaðferð, skólaþragur o. s. frv. Endurminningin og áhrifin frá fjörmiklu og lyftandi skólalífi er öllum þorra þeirra, sem gagnfræðanám stunda, meira virði en fróðleikur, sem fljótt týnist, ef ekki er haldið við. En fyrir hinum, sem beinlínis gera nám að aðalstarfi sínu, ýmist um langt skeið eða um alla æfina, er mest undir því komið, að skólinn sje hentug og næðissöm vinnustofa. Þeir fá líka síðar á námsferlinum, t. d. í háskóla, það tækifæri til frjálsara skólalífs, sem hinir verða að fá strax eða ekki.

2. Eftir að samvistum slítur milli þessara tveggja námsmannaflokka, virðist reynslan vera sú, að þeir, sem áfram halda, fá að súpa seyðið af því, sem áður var gert. Vegna sambandsins við gagnfræðingana hefir námið ekki verið sótt nógu fast, og nú er farið að herða á. Efri bekkir hins almenna mentaskóla virðast vera mjög þungir, og það alveg til þess síðasta. Þetta er öfugt við það, sem vera ætti. Vegna góðs áframhalds í neðri bekkjum skólans á að vera óhætt að slá nokkru slakar við í efstu bekkjunum, þannig að þeir verði eins og nokkurskonar tröppustigi upp í háskólann, þar sem námið er mjög frjálst og óbundið. Svo var það í lærða skólanum, fram að 1904, og þetta hygg jeg, að sje mesti munurinn á honum og því, sem nú er. Menn komu andlega frjálsari og óþreyttari úr honum en þeir koma nú úr skóla og með viðtækari sjálfsaflamentun.

3. Deilt hefir verið mikið um það, hvort latnesku skuli auka í skólanum eða ekki. Í frv. er hallast að því að taka upp viðtækari kenstu í latnesku en nú, og hefi jeg svo oft leitt fram mín rök fyrir því, að jeg læt það hjá líða að

þessu sinni. En engan veginn tel jeg það atriði svo stórt, að það eigi að ráða úrslitum málsins, og má breyta, ef annað jafngott má finna í staðinn.

Loks skal hjer dregið á tvö atriði, sem ættn að valda því, að málið fengi nú greiðari gang en áður hefir verið.

4. Samband gagnfræðaskólans á Akureyri við mentaskólann hjer mun hafa valdið miklu, ef ekki mestu um það, hve erfitt þetta mál hefir átt uppdráttar á undanförunum árum. Þó að það sje engan veginn viðurkennt af minni hálfu, að það hafi verið rjettmætt að láta jafnþarft mál stranda á slíku, þá var þó þetta látið ráða úrslitum. En nú mun mega ráða það af ýmsu, að þessu sambandi eigi að slita á næstunni. Er þá þeim steini rutt úr vegi. En ef það verður ekki gert, þá er í frv. sjeð fyrir því, að þeir, sem stunda vilja nám í gagnfræðaskólanum á Akureyri, eins langt og hann nær, geti gert það sjer að skaðlausu, þar sem ætlast er til þess, að þeir fái aukakenslu í því, sem þarf til þess, að þeir geti tekið próf inn í þann bekk mentaskólans í Reykjavík, sem svarar til þess náms, er þeir hafa lokið á Akureyri.

5. Loks skal svo minst á það atriði, sem beinlínis knýr til þessara aðgerða nú. En það er hin óhófliga fjölgun stúdenta á síðari árum, sem einmitt nú hefir verið mikið rætt um og krefur bráðra aðgerða. Skal ekki farið út í að ræða hjer þetta víðtæka vandamál. En það virðist alveg bert að reyna að ráða bót á þessu með breyttu skólafyrirkomulagi, áður en farið er að grípa til skarpra þvingunarráðstafana og »lærdómsbanns«, eins og sumum mun vera í hug. Hvort þessi breyting á mentaskólanum verður einhlít um þetta, verður auðvitað ekki sagt með vissu. En þó má benda á margt, er sýnir, að breytingin á mentaskólanum 1904 muni hafa valdið miklu um stúdentafjölgunina, t. d. sjálfa tölu stúdentanna frá skólanum. Kemur það fram í stúdentatölunni eftir 1910. Þó hafa dýrtiðararin vafalaust dregið úr viðkomunni fram undir 1922.

#### Stúdentaviðkoman síðan um aldamót:

1901 .....	16	1915 .....	31
1902 .....	20	1916 .....	28
1903 ..	15	1917 .....	40
1904 .....	17	1918 .....	25
1905 ....	17	1919 .....	29
1906 .....	12	1920 .....	24
1907 .....	13	1921 .....	22
1908 .....	11	1922 .....	29
1909 .....	15	1923 .....	29
1910 .....	15	1924 .....	43
1911 .....	22	1925 .....	39
1912 .....	21	1926 .....	43
1913 .....	30	1927 .....	55
1914 .....	18		

Fyrstu stúdentar eftir breytinguna (1904) eru 1910.

Fyrstu stærðfræðideildar-stúdentar 1922.

Þessar tölur virðast í rauninni taka af tvímæli um það, hvort breytingin hafi valdið umskiftum í þessu efni. Enda er þetta eðlilegt. Innganga í skólann hefir verið mjög greið. Námið í neðri bekkjunum ljett. Og fjelagsskapurinn og samlífið í skólanum veldur því, að hverjum einum verður óljúft að hætta, þegar skólasystkinin halda áfram. Auk þess hefir Reykjavík skort reglulegan gagnfræðaskóla. Breyting á mentaskólanum, jafnhliða stofnun vandaðs og fullkomins gagnfræðaskóla, mun ráða mikla bót á stúdentafjöldanum.

Um einstakar greinar skal taka þetta fram:

#### Um 1. gr.

Í frumvörpum um þetta mál hefir verið tekið upp nafnið »hinn lærði skóli«, til þess að benda á, að horfið sje að því fyrirkomulagi í aðaldráttum, sem var fyrir 1904. En nafnið er fremur ljótt, óíslenskulegt og hugsunarrangt, og því er hjer haldið hinu nafninu, sem er bæði orðið munntamara og er fallegra, en þó lagað nokkuð til.

#### Um 2. gr.

Eins og áður er getið, er latneskunnri trygður hjer sess meðal námsgreina skólans í öllum bekkjum. En vel má breyta því, ef mönnum sýnist annað heppi-legra. Mun það þó ekki verða hrakið, að fáar námsgreinir sjeu til, er betur sjeu fallnar til þess að þroska dómgreind nemenda, skýra málfræðihugmyndir þeirra og verða þeim undirstaða allrar málfræðikunnáttu. Enda er það almenn reynsla, að ágætustu gáfumenn, bæði með vorri þjóð og víða um lönd, hafa talið latneskuna sinn besta skóla í hugsun, auk þess sem hún opnar mönnum aðgang að sigildum listaverkum, sem aldrei verða metin með rjettu í þýðingum. Griskukenslan er aðallega ætluð þeim, sem hugsa sjer guðfræðinámi í háskólanum, en þá er og nauðsynlegt, að stúdentar eigi aðgang að þeirri kenslu, því að margir eru þeir, sem ekki eru svo snemma ráðnir í því, hvaða nám þeir taki að mentaskólanum loknum, að þeir færi sjer þessa kenslu í nyt á rjettum tíma. En því þarf ekki að lýsa, hve miklu heppilegra það er, að menn hafi yfirleitt lokið griskunáminu áður en þeir koma í guðfræðideild háskólans, heldur en hafa það eins og nú er.

#### Um 3.—10. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda að svo komnu.

#### Um 11. gr.

Hjer er tekið upp ákvæði um, að heimavistir skuli vera við skólann. Er það fullkomið nauðsynjamál, og engin breyting á skólanum kemur að meira en hálfum notum án heimavistanna. Þær efla skólalífið og þær gera það kleift að leggja þann eina rjetta mælikvarða á nemendur skólans: dugnað þeirra við námið, en ekki efni og aðrar ástæður. Með góðum heimavistum ætti fáum að verða það ofraun efnalega að komast gegnum skólann. Ef mönnum þykir eðlilegra eða heppilegra að setja sjerstök lög um heimavistir við mentaskólann, er auðvelt að sniða þetta atriði burt úr frumvarpinu, en það á þar heima að mínum dómi.

Síðari málsgreinin á að koma í veg fyrir það órjettlæti að bægja fátækum dugnaðarmönnum í Reykjavík frá því að ganga skólavegin. Ef utanbæjar-

menn njóta ókeypis heimavistar, er ekkert rjettlæti i því lengur að leggja skólagjald á bæjarmenn, og á að tryggja það með lögunum, að slíkt sje ekki gert.

Um 12.—15. gr.

Gefa naumast tilefni til athugasemda. Ártöl eru auðvitað færð til frá því, sem var í frv. 1926.

Um 16. gr.

Að þessari grein hefir áður verið vikið i almennu ástæðunum.